

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárið 2022

Tölvunefnd hefur haldið 5 fundi á árinu, alla á Teams. Að auki sátu nefndarmenn fund með forriturum RML þar sem þeir kynntu tæknilega uppbyggingu SportFengs fyrir nefndarliðum. Einnig sat nefndin einn fund með Sportabler mönnum þar sem þeir kynntu fyrir okkur hugbúnað sinn.

Sem fyrr fundar formaður nefndarinnar reglulega með forriturum RML og þegar þetta er ritað eru þeir fundir orðnir 14 á árinu. Samstarfið við forritarana gengur vel en þeir eru nú aftur orðnir tveir sem vinna við SportFeng.

LH hefur þrýst á að fá gamlan samning um keppnishugbúnaðinn okkar uppfærðan og endurskoðaðan en þau mál hafa gengið fremur hægt. Það sem skiptir mestu máli í því sambandi er að betur verði skilgreint en nú er hvaða þjónustu RML á að veita okkar fyrir þau notendagjöld sem við greiðum vegna SportFengs og þá einnig hvaða verkefni og þjónusta er þar fyrir utan og við þurfum þá að kaupa af þeim aukalega (eða af öðrum). Nú á haustmánuðum virðist loks vera að komast skriður á þessi samningamál og vonandi verða þau kláruð á þessu ári. Við höfum líka verið að ýta á eftir því að RML skipi fulltrúa sinn í stýrihóp þann sem um er rætt í samningi okkar við þau erlendu landssambönd sem tekið hafa SportFeng í notkun. Stýrihópurinn er nú loks fullskipaður og hefur nýlega tekið til starfa. Hann skipa Oddur Hafsteinsson frá LH, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir frá RML og Peter Stálhammar frá sænska landssambandinu fyrir hönd erlendra notenda.

Á síðasta ári voru Finnar að skoða það að taka SportFeng í notkun en því miður varð þeirra niðurstaða svo að gera það ekki að svo stöddu.

Tölvunefnd hefur ekki haldið nein námskeið á starfsárinu. Stefnt er að því að útbúa kennslumyndbönd en vinna við það hefur ekki komist í gang.

Eins og venjulega hafa fjölmargar lagfæringar og viðbætur verið gerðar á SportFeng á árinu, sumar smáar en aðrar stærri. Þær stærstu á þessu ári varða skráningakerfið en nú er búið að gera verulegar betrubætur á því. Nú er t.d. búið að girða betur en áður fyrir það að sama keppnispar verði skráð í tvær greinar sem ekki má keppa í á sama móti. Gerðar voru lagfæringar varðandi forföll og afskráningar, varðandi birtingu á niðurstöðum í skeiðgreinum og raunar fjölmargt annað.

Eignarhaldið á appinu LH Kappa er nú komið til LH eins og við stefndum að og gerð var uppfærsla á appinu því tengt ásamt því að nokkrar lagfæringar voru gerðar.

ÍSí hefur ákveðið að hætta að notast við Felix sem haldið hefur utan um félagatöl allra félaga í íþróttahreyfingunni. ÍSí beinir aðildarsamböndum sínum að Sportabler og starfsskýrsluskil félaganna fór fram í vor með sérstöku skýrslugerðarforriti sem hannað var af sama fyrirtæki. Tölvunefnd var falið að skoða hvaða möguleikar væru í stöðunni fyrir LH og aðildarfélög þess. Við fengum tilboð frá Sportabler og niðurstaða nefndarinnar var loks sú að mæla með því við stjórn LH að ganga að því tilboði. Var það gert og er nú í gangi vinna við uppsetningu á Sportabler fyrir hestamannafélögin og yfirfærsla á félagatölum þeirra úr Felix í Sportabler.

Á síðasta vetri komu fram hugmyndir um hugarflugsfund um stefnuna og framtíðina varðandi SportFeng og LH Kappa. Tölvunefnd mætti til fundar í Laugardalnum og einnig voru boðaðir stjórnarliðar LH og nokkrir mjög vanir SportFengs-notendur. Þarna kom mikið fram af góðum hugmyndum og nefndin er enn að vinna úr þessum hugmyndum öllum og forgangsriða verkefnum.

Við höfum verið óánægð með að eiga ekki auðvelt með að skoða gögnin okkar sem geymd eru í SportFeng. Auðvitað viljum við geta tekið út og skoðað alls kyns tölfræði úr þessum gögnum. Gögnin hafa hins vegar ekki verið okkur mjög aðgengileg til slíkrar skoðunar, við höfum þurft að senda

ákveðnar spurningar til RML og starfsmenn þar hafa þurft að taka út upplýsingar til að svara spurningunum. Við höfum þurft að greiða sérstaklega fyrir þá vinnu. Nú erum við hins vegar að skoða nýja leið í þessu samhengi og virðist hún ætla að gefa góða raun. Vinnan verður þá meira í okkar höndum og því án kostnaðar fyrir LH.

Auk undirritaðs skipar nú þetta öndvegisfólk tölvunefnd: Björk Guðbjörnsdóttir, Jón Geir Sigurbjörnsson, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sóley Margeirsdóttir og Valdimar Snorrason.

Október 2022,
Þórður Ingólfsson, formaður